

Stærð bújarða á Íslandi

Fanney Ósk Gísladóttir, Einar Grétarsson, Sigmar Metúsalemsson,
Björn Traustason og Ólafur Arnalds
Landbúnaðarháskóla Íslands, Keldnaholti, Reykjavík

Útdráttur

Í gagnagrunni Nyttjaland eru nú upplýsingar um flatarmál flestra jarða á Íslandi. Þar hafa verið dregin inn mörk um 7800 landskika í dreifbýli. Hér verður gerð grein fyrir meðalstærðum bújarða víðsvegar um landið og aðeins reynt að ráða í hvað ræður mismunandi jarðastærðum. Bújarðir eru að jafnaði stærstar fyrir norðan og sunnan Vatnajökul. Land liggur þar víða hátt og landgæði með tilliti til gróðurframleiðni rýr. Minnstar eru jarðir að jafnaði á láglandi Suðurlands og við innanverðan Eyjafjörð.

Inngangur

Á vegum verkefnisins Nyttjaland hefur nú verið unnið að því að draga inn landamerki allra bújarða í landinu. Nú eru 7800 flákar í gagnagrunninum. Flestir skikanna eru einstakar bújarðir, en einnig er þar um að ræða sameiginlegt land tveggja eða fleiri bæja, jarðarluta sem skipt hefur verið út úr bújörð og fleira þess háttar. Eftir fimm ára vinnu við landamerkjauppdráttinn fýsti okkur að vita hvað meðaljörðin væri stór og hver meðalstærð jarða væri í mismunandi landshlutum. Einnig lék okkur forvitni á að vita hvað mestu ræður um það hversu stórar jarðir eru.

Gögn og aðferðir

Svæðaskipting: Landamerkjauppdrætti er ekki lokið og því þurfti að sleppa nokkrum sveitum. Skipting landsins í svæði byggir að mestu á núverandi sveitarfélagsmörkum, en með undantekningum þó. Nokkrum stórum sveitarfélögum var skipt frekar til að draga betur fram einkenni hvers svæðis. Fljótshlíshéraði var fyrst skipt í Norður-Hérað og Austur-Hérað eins og sveitarfélagsskiptingin var fyrir 1. nóvember 2004. Síðan skiptum við gömlu hreppunum, Hlíðarhrepp og Hróarstunguhrepp út úr Norður-Héraði. Sveitarfélaginu Hornarfirði var skipt í tvennt eftir gömlu hreppamörkum Borgarhafnarhrepps og Mýrahrepps. Skaftárhrepp var skipt í tvennt, þar sem gamli Hörglandshreppurinn var hafður sér. Borgarbyggð og Borgarfjarðarsveit var einnig skipt í tvennt. Borgarbyggð var skipt um fyrrverandi hreppamörk, þar sem annars vegar er gamli Borgarhreppur og hinsvegar Andakílshreppur og Stafholtstungnahreppur. Þessi fornu hreppamörk skipta Borgarbyggð í lágsveit og uppsveit. Í Borgarfjarðarsveit voru fyrrverandi Lundareykjadalshreppur og Hálsahreppur skildir frá. Bláskógabyggð var skipt í Biskupstungur og Laugardalshrepp, eftir gömlum hreppamörkum. Þingvallahreppurinn gamli sem er nú hluti Bláskógabyggðar var alfarið slept í útreikningum, því uppdraetti landamerkja er ekki lokið þar. Landamerkjauppdrætti er heldur ekki lokið í Djúpárhrepp og er hann því undanskilinn við útreikning fyrir Rangárþing-Ytra.

Afmörkun jarða: Landamerkjagrunnur Nyttjaland var yfirfarinn, flákar sem tilheyra sömu jörð voru sameinaðir og flákum skipt sem voru skráðir eign tveggja eða fleiri aðila, þó svo að um sama lögbýlið væri að ræða. T.d. þá var jörð skipt í þrennt, ef hún var skráð hjá Fasteignamati ríkisins sem Hóll I, Hóll II og Hóll III, þó svo að ekki


lægi fyrir raunveruleg skipting landsins. Skikar sem ekki nýtast til búskapar, s.s. samfelld sumarbústaðasvæði og stór landgræðslusvæði voru ekki talin hluti jarða. Sameiginleg afréttarsvæði voru einnig tekin út sem og uppland mjög stórra jarða. Nokkrar jarðir í landinu eru verulega frábrugðnar öðrum jörðum hvað flatarmál varðar. Öbreytt stærð þeirra hefði skekkt meðaltalsútreikningana verulega og þótti því réttmætt að undanskilja hluta þeirra sem væri um afrétt að ræða. Þéttbýliskjarnar í sveitum voru undanskildir, sem og allir stærri þéttbýlistaðir.

Úr ofangreindri meðferð fengust samtals 5870 flákar og eru stærðarútreikningarnir byggðir á þeim. Inni í þeirri tölu eru eyðibýli jafnt sem bæir í byggð. Sem stendur er rekinn hefðbundinn búskapur á um 3000 búum. Þessi fjöldi fláka endurspeglar því fremur fjölda aðila sem á landbúnaðarlandið en fjölda landbúnaðarafurðarframleiðenda.

Rétt er að taka skýrt fram að Nytjaland hefur ekki lokið við að skrá öll landamerki í sveitum landsins. Þessir útreikningar byggja á þeim upplýsingum sem nú liggja fyrir. Auk þess er það oft álitamál hvað skuli teljast býli og hvað ekki. Er því rétt að líta á niðurstöðurnar sem vísbendingar um jarðastærðir í landinu.

Niðurstöður

Meðalstærð jarða á Íslandi reyndist vera 1103 hektarar. Niðurstöður útreikninga á meðalstærð jarða einstakra svæða eru sýndar á 1. mynd. Þrepaskiptur litakvarði sýnir mismunandi meðaljarðastærð, en talan inni í reitnum segir til um meðalstærð jarða innan hvers reits í hekturum. Hvít svæði eru ekki með í útreikningum.



1. mynd. Litaskipting sýnir jarðastærð þrepaskipta. Gulur litur sýnir minnstu jarðirnar, svo dökkur liturinn eftir því sem jarðirnar verða stærri. Dökkbrúnn litur tilgreinir stærstu jarðirnar.

Í 1. töflu, sem er aftast í þessari grein, kemur fram heiti svæðanna sem meðalstærð var reiknuð út fyrir, fjöldi jarða og meðalstærð jarða í hverjum reit.


Stærstu jarðirnar eru annars vegar á Norðausturlandi þ.e. í Jökuldal og í Öxarfjarðarhrepp og hins vegar í austanverðum Skaftárhrepp og vestanvert í Sveitarfélaginu Hornafirði. Að jafnaði eru jarðir aftur á móti minnstar í Svalbarðsstrandarhrepp og Arnarneshrepp við Eyjafjörð og á Suðurlandi í Gaulverjabæjarhrepp, Hraungerðishrepp og Ásahrepp.

Sveitarfélögin eru misstór, sem og jarðirnar innan þeirra og því þarf að gæta hófs þegar dregnar eru ályktanir af þessum niðurstöðum.

Umræður

Stærð jarða á Íslandi er afar mismunandi. Þar kemur margt til, en líklega eru þrír þættir veigamestir. Í fyrsta lagi er það náttúruafar sem hefur áhrif á gæði landsins til landbúnaðarframleiðslu. Í öðru lagi eru ýmsir hagrænir og félagslegir þættir, svo sem staðsetning með tilliti til samgangna og nálægðar við þéttbýli, saga atvinnuþróunar o.fl. þ.h. Þriðji áhrifavaldurinn, hefur bæði áhrif á og mótast af hinum tveimur fyrrnefndu, en þar koma til söguleg atriði, t.d. hvernig landnámsmenn skiptu landinu upphaflega á milli sín,

Landgæði með tilliti til landbúnaðarframleiðslu ráðast einkum af stærð og gæðum ræktarlands og beitilands. Landslagið hefur þar afgerandi áhrif. Í dala- og fjarðalandslagi, þar sem undirlendi er lítið, er að jafnaði lengra á milli bæja og jarðir ná oftast upp á vatnaskil. Þetta þýðir að jarðir eru stórar en aðeins lítill hluti þeirra nýtilegur til ræktunar. Þetta má sjá þegar stærð jarða er borin saman við niðurstöður landgæðaflokkunar (sjá 2. mynd). Sigmar Metúsalemsson o.fl. (2006) flokkuðu jarðir á grundvelli gróðurframleiðni og jarðvegsrofs. Þar sem fjalllendi eða gróðurvana svæði eru hluti bújarðar rýrir það gæði hennar með tilliti til gróðurframleiðni, sé horft á jörðina sem heild.



2. mynd. Meðalstærð jarða, í hekturum, á afmörkuðum svæðum og flokkun jarða með tilliti til gróðurframleiðni. Prepaskiptur litakvarði sýnir breytileika. Jarðir eru að jafnaði stærri eftir því sem liturinn er dekkri, á myndinni til vinstri. Á myndinni til hægri er gróðurframleiðni jarða minni eftir því sem liturinn er dekkri.

Ef myndirnar eru bornar saman, má sjá tengsl milli stærðar jarða og gróðurframleiðni flokkunarinnar. Fremur lítil gróðurframleiðni er þar sem jarðirnar eru stærstar fyrir norðan og sunnan Vatnajökul. Í Jökuldal þar sem jarðir eru stærstar að jafnaði, er aðeins lítill hluti jarðar neðan 400 metra hæðalínu og gróðurframleiðni þar því minni en í láglandari sveitum. Jarðir í Öxarfjarðarhrepp liggja lægra, en litla gróðurfram-

leiðni þar má skýra með því að suðurhluti hreppsins er innan eldvirka beltisins, jarðvegur er þar sendinn og vindrof mjög virkt (Ólafur Arnalds 1997). Á Melrakka-sléttu gætir veðurfarsáhrifa meira. Þar er mjög vindasamt og sumarhiti lægri en víðast annars staðar á landinu (Markús Á. Einarsson 1976) og gróðurframleiðni þar, þ.a.l. minni en í skjólsælli sveitum. Stórar jarðir í austanverðum Skaftárhrepp og vestanvert í Sveitarfélaginu Hornafirði eru láglendar og veðurfarsaðstæður gefa tilefni til mikillar gróðurframleiðni (Markús Á. Einarsson 1976), en þar hefur nálægðin við jökul og eldfjöll takmarkandi áhrif. Sandar eru þarna útbreiddir og jarðvegsrof víða mjög virkt (Ólafur Arnalds o.fl. 1997). Samanburður myndanna sýnir einnig að, þar sem mikið er um fjöll t.d. á Vestfjörðum og Austfjörðum fer saman, fremur stórar jarðir og lítil gróðurframleiðni. Þetta tvennt fer ekki eins vel saman við Eyjafjörð. Þar er mikið um fjöll, en það kemur ekki fram í hárrí meðalstærð jarða. Skýrist það af því að undirlendi er meira við Eyjafjörð en víðast í fjörðunum fyrir austan og vestan og fjalllendið er því minni hluti margra jarða. Áhrif hæðar í landinu koma fram víðar, t.d. eru heldur stærri jarðir í þeim sveitum sem hærra liggja í Borgarfirði, Húnavatnssýslum og í Skagafirði, en á láglendinu í sömu sveitum. Gróðurframleiðni á efstu jörðum í Borgarfirði og á Suðurlandsundirlendinu er einnig minni en í lágsveitunum.

Staðsetning með tilliti til aðfanga og sölu afurða er mikilvæg, enda þótt stuðningskerfi landbúnaðar hafi máð slík áhrif út að nokkru á undanförunum áratugum. Þar sem bújörð er vel í sveit sett, stutt á markað og eftir þjónustu, kann að vera meiri þrýstingur á að jörðum sé skipt og stofnað til nýrra býla. Landamerkjauppdrætti er ekki lokið fyrir Árborg og Sveitarfélagið Ölfus, en að jafnaði eru fremur litlar jarðir á Suðvesturlandi og einnig í sveitunum umhverfis Akureyri. Stærstu jarðirnar liggja hins vegar fjarri stórum þéttbýlisstöðum eins og á Norðausturlandi og í Skaftárhrepp og vestur hluta Sveitarfélagsins Hornafirði.

Landamerki jarða taka sífellum breytingum. Algengast er þá að jörðum er skipt, t.d. milli erfingja eða hluti jarða er seldur. Einnig verða sameiningar, t.d. bóndi tryggir sér aðra jörð fyrir sinn búrekstur. Sum landameki hafa þó haldist óbreytt frá ómunatíð. Haraldur Matthíasson (1982) hefur borið saman landamerki eins og þau voru á ofanverðri 20. öld við lýsingar Landnámu og hann komst að því að mörg landamerki hafa haldist óbreytt allar götur síðan. Einnkum á það við um merki sem eru glögg frá náttúrunnar hendi svo sem ár og fjöll.

Heimildir

Haraldur Matthíasson 1982. *Landið og Landnáma I og II bindi*. Reykjavík. Örn og Örlygur.

Markús Á. Einarsson 1976. *Veðurfar á Íslandi*. Reykjavík. Iðunn.

Ólafur Arnalds, Elín Fjóra Þórarinsdóttir, Sigmar Metúsalemsson, Ásgeri Jónsson, Einar Grétarsson og Arnór Árnason 1997. *Jarðvegsrof á Íslandi*. Landgræðsla ríkisins og Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Reykjavík.

Sigmar Metúsalemsson, Ólafur Arnalds, Fannaey Ósk Gísladóttir, Björn Traustason og Einar Grétarsson 2006. Landgæði bújarða, með tilliti til gróðurfars. *Fræðaping landbúnaðarins 2006*: 406-409.

1. tafla. Heiti hvers svæðis sem meðalstærð var reiknuð fyrir, fjöldi jarða innan hvers svæðis og meðalstærð jarða.

Heiti	Fjöldi bújarða	Meðalst. ha.	Heiti	Fjöldi bújarða	Meðalst. ha.
Kjósarhreppur	61	471	Svalbarðsstrandarhreppur	36	136
Hvalfjarðarstrandarhr.	33	806	Grýtubakkahreppur	57	759
Skilmannahreppur	30	213	Skútustaðahreppur	39	1.741
Leirár- og Melahreppur	27	492	Tjörneshreppur	23	913
Skorradalshreppur	23	844	Þingeyjarsveit	258	772
Borgarfjarðarsveit	129	503	Kelduneshreppur	39	1.144
Borgarfjarðarsv. austurhl.	23	1.214	Öxarfjarðarhreppur	53	4.417
Hvítársíðahreppur	21	1.751	Svalbarðshreppur	32	3.384
Borgarbyggð	133	658	Seyðisfjarðarkaupstaður	13	1.633
Borgarbyggð, uppsveitir	83	625	Fjarðarbyggð	72	873
Kolbeinsstaðahreppur	45	599	Vopnafjarðarhreppur	82	2.287
Grundarfjarðarbær	43	332	Fljótsdalshreppur	39	2.388
Helgafellssveit	37	660	Fellahreppur	41	840
Eyja- og Miklaholtshr.	39	1.019	Borgarfjarðarhreppur	37	1.191
Snæfellsbær	111	599	Norður-Hérað	51	6.505
Saurbæjarhreppur	32	774	Jökulsárhlíð og Hróarstunga	62	1.087
Dalabyggð	206	1.046	Mjóafjarðarhreppur	15	1.286
Reykholahreppur	103	1.030	Fáskrúðsfjarðarhreppur	24	1.018
Tálknafjarðarhreppur	19	927	Breiðdalshreppur	45	999
Vesturbyggð	90	1.292	Djúpavogshreppur	66	1.728
Súðavíkurhreppur	55	1.377	Austur-Hérað	160	913
Árneshreppur	32	2.211	Stöðvarfjörður	9	1.100
Bæjarhreppur	36	1.220	Austurbyggð	9	1.100
Broddaneshreppur	24	1.225	Sveitarfél. Hornafj., vest. hl.	28	4.762
Hólmavíkurhreppur	80	1.925	Sveitarfél. Hornafj., aust. hl.	116	1.152
Sveitarfélagið Skagafj.	467	555	Mýrdalshreppur	111	391
Húnaþing-vestra	211	656	Skaftárhreppur	113	1.637
Áshreppur	32	1.021	Skaftárhreppur, austarihluti	25	6.488
Sveinstaðahreppur	23	549	Ásahreppur	62	224
Torfalækjarhreppur	32	604	Rangárþing-Eystra	427	292
Svínavatnshreppur	39	719	Rangárþ.-Ytra án Djúpárhr.	159	564
Bólstaðarhlíðarhreppur	58	754	Gaulverjabæjarhreppur	55	139
Skagabyggð	65	672	Hraungerðishreppur	56	171
Akrahreppur	70	1.028	Hrunamannahreppur	97	321
Ólafsfjarðarkaupstaður	23	896	Grímsnes- og Grafningsshr.	91	661
Dalvíkurbyggð	119	430	Skeiða og Gnúpverjahreppur	117	334
Arnarneshreppur	59	148	Biskupstungur	106	370
Eyjafjarðarsveit	187	414	Laugardalur	38	591
Hörgárbyggð	90	552			